

AUGLÝSING**varðandi hreindýraveiðar.**

Ráðuneytið hefur ákveðið að hreindýraveiðar skuli eigi fara fram árið 1965 og er því frestað um sinn framkvæmd reglna nr. 263/1960, um hreindýraveiðar í Múla-sýslum. Þó getur ráðuneytið heimilað veiði nokkurra dýra til áframhaldandi vís-indalega rannsókna á heilbrigði hreindýrastofnsins.

Menntamálaráðuneytið, 7. júlí 1965.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

29. júlí 1965.

Nr. 195.

AUGLÝSING**um umferðartakmarkanir í Neskaupstað.**

Samkvæmt gerðum samþykktum bæjarstjórnar Neskaupstaðar og ákvörðun lög-reglustjóra samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga, nr. 26 1958, eru þessar umferðartakmarkanir í gildi:

Aðalbrautir: Naustahvammur, Strandgata, Hafnarbraut, Egilsbraut og Nesgata. Biðskylda er á öllum götum, sem að þessum götum liggja, nema Kviabólsstíg, Stekkjargötu og Tröllavegi, en þar er stöðvunarskylda.

Bifreiðastöður eru bannaðar á suðurkanti Hafnarbrautar frá akbraut að hafnar-bryggju (gamla bryggjan) og 20 m vestur fyrir húsið Hafnarbraut 1.

Merkt bifreiðastæði eru fyrir framan kaupfélagið Fram og félagsheimilið Egils-búð við Hafnarbraut og fyrir framan pósthúsið við Egilsbraut.

Umferðarmerkjum hefur verið komið upp í samræmi við þessa auglýsingu.

Lögreglustjórinn í Neskaupstað, 29. júlí 1965.

Ófeigur Eiríksson.

22. marz 1965.

Nr. 196.

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 214 22. janúar 1958, um heilsuvernd í skólum.****1. gr.**

Aftan við málsgrein f. í 2. lið 7. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein, merkt g, og orðist svo:

g. Um sjónpróf á nemendum gilda þessi ákvæði sérstaklega: Sjónpróf skal gera eigi sjaldnar en 4 sinnum í barnaskólum, þ. e. á 7, 9, 11 og 12 ára börnum, en árlega í öllum framhaldsskólum.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 22. marz 1965.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

B 51¹